

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:  
Í stað fjárhæðarinnar „320.616“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 326.136.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
  - a. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXIX skal persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2001 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2002 vegna tekna og eigna árið 2001 vera 305.544 kr.
  - b. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXIX skal persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2002 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2003 vegna tekna og eigna árið 2002 vera 317.388 kr.